

**Ed.**

**712. Nefndarálit**

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefir klotnað um málið. Meiri hlutinn leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

**BREYTINGUM.**

1. Við 4. gr. Síðari hluti 2. málsgreinar orðist þannig: Og hvílir stimpilskyldan þá á framseljanda, ef til hans næst, en ella skal viðtakandi eða greiðandi framkvæma stimplunina á kostnað framseljanda eða þess, sem ávísun er innheimt fyrir.
2. Við 5. gr.
  - a. Við A. 3. Við liðinn bætist: eða hajar- og sveitarsjóði, enda sé framsal viðkomandi skattheimtumanns ritað á ávísanirnar.
  - b. Við B. 1. Við liðinn bætist: eða greitt upp i föst lán. Ennfremur kvittanir fyrir úttekt úr sparisjóðsbókum.
  - c. Við B. 2. Við liðinn bætist: eða hajar- og sveitarsjóði.

Alþingi, 7. desember 1934.

Jón Baldvinsson,  
form.

Bernh. Stefánsson,  
fundaskr., frsm.